

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. júlí 2024  
Tilvísun: OS2024060111  
Skjalnúmer: 421032

## Efni: Umsögn Orkustofnunar – Niðurdælingarholur fyrir förgun þéttvatns frá Kröflustöð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst Orkustofnun þann 13. júní 2024. Þar sem óskað var eftir umsögn Orkustofnunar um tilkynningu Landsvirkjunar til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, vegna borunar á niðurdælingarholum fyrir förgun þéttvatns frá Kröflustöð. Skv. erindi Skipulagsstofnunar skal koma fram í umsögn eftir því sem við á hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Orkustofnun hefur kynnt sér erindi Skipulagsstofnunar og greinargerð Landsvirkjunar um tilkynninguna. Skv. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum. Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Nýting í Kröflu hófst fyrir gildistöku ofangreindra laga og var ekki gerð krafa í lögnum um að sótt yrði um nýtingarleyfi fyrir nýtingu sem var þegar hafin. Orkustofnun hefur því litið svo á að nýtingaraðilar hafi ígildi nýtingarleyfis fyrir þá nýtingu sem var hafin þegar lögin tóku gildi. Þrátt fyrir það hefur Orkustofnun hvatt nýtingaraðila til að sækja um nýtingarleyfi í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu til að skilyrði nýtingar séu skilgreind og hægt sé að viðhafa skilvirkt eftirlit. Ekki hefur verið sótt um nýtingarleyfi fyrir jarðhitanýtingu í Kröflu.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Kröfluvirkjun var gangsett fyrir gildistöku núgildandi raforkulaga og hefur ekki fengið virkjunarleyfi samkvæmt þeim. Ígildi virkjunarleyfis Kröfluvirkjunar eru lög um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 21/1974<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/94/176/?ltg=94&mnr=176>



Í tilkynningu Landsvirkjunar er ekki fjallað um mögulega skjálftahættu vegna borunar holnanna. Orkustofnun bendir í því samhengi á reglur um viðbúnað og viðbrögð við jarðskjálftavá vegna losunar á vökva í jörðu um borholur, nr. OS-2016-R01-01.

Orkustofnun bendir á að skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er skylt að tilkynna boranir til Orkustofnunar ásamt því að senda gögn er varða borun o.fl. Kröfur þess efnis eru skilgreindar í borholureglum (nr. OS-2019-R01-01) sem eru aðgengilegar á vefsvæði stofnunarinnar ásamt eyðublöðum fyrir gagnaskil.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við tilkynningu Landsvirkjunar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Orkustofnunar

María Guðmundsdóttir  
Verkefnastjóri  
Sjálfbær auðlindanýting  
*Rafræn undirskrift*

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. júlí 2024  
Málsnúmer: 202406-0027  
LA

## Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn um niðurdælingarholur við Kröflustöð

Ísáð er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 13. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn niðurdælingahola fyrir förgun þéttivatns frá Kröflustöð.

Áætlað er að bora tvær, allt að 300 m djúpar, borholur við kælituren Kröflustöðvar. Markmiðið er að nota borholurnar sem niðurdælingaholur fyrir þéttivatni og uppleystum efnum (þungmálmar og brennisteinsleðju) sem berast með þéttivatni frá kælitureninum og um leið draga úr umhverfisáhrifum á Dallæk þar sem meginhluta af þéttivatni er fargað í dag. Þéttivatnið sem dæla á niður er allt að 90 l/s af 22°C heitu þéttivatni. Styrkur fasts brennisteins er um 10-14 ppm í þéttivatninu. Frá 2022 hafa verið gerðar niðurdælingaprófanir, þ.m.t. ferilefnapróf, á borholu KN-01 til að kanna áhrif niðurdælingar á grunnvatn nærri virkjuninni og nærri Mývatni. Niðurstöður ferilefnaprófsins sýna enga svörun í holun nærri Mývatni og engin sjáanleg áhrif niðurdælingar koma fram í grunnvatnsstraumi suður af virkjuninni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynningu um ákvörðun til matsskyldu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við borstæði nýrra borhola sem verða staðsettar á áður röskuðu svæði. Stofnunin telur mikilvægt að vakta vel áhrif þéttivatns á grunnvatn, s.s. breytingar á efnasamsetningu og hitastigi, við full afköst niðurdælingar og þá sérstaklega með tillit til áhrifa á grunnvatns sem streymir út í Mývatn. Þá þarf að kanna hvort niðurdælingin hafi áhrif á grunnvatnsstöðu innan áhrifasvæðisins.

Náttúrufræðistofnun telur nokkra hættu fylgja hreinsun brennisteins í niðurdælingaholum, sem er a.m.k. einu sinni á ári, þegar viðtaka holanna hefur dregist saman. Hreinsun brennisteins í holun felst í að dælt er tímabundið niður í holun yfir 140°C heitu skiljuvatni til að leysa upp brennistein. Stofnunin telur að fylgjast þarf sérstaklega vel með hreinsun brennisteins í niðurdælingarholun og vakta áhrif þess á grunnvatn.

Fram kemur að vöktun á grunnvatni er til staðar og niðurstöður prófana á niðurdælingu þéttivatns í holu KN-01 benda til þess að umhverfisáhrif á grunnvatnsstreymi og Mývatn séu í lágmarki eða hverfandi.

Út frá ofangreindu telur Náttúrufræðistofnun að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í fullt mat á umhverfisáhrifum, en leggur til að vöktun verði aukin í upphafi niðurdælingar í nýjum



borholum og við hreinsun brennisteins í holunum. Þörf er á aðgerðaráætlun um hvernig bregðast eigi við breytingum umhverfisþátta á framkvæmdartíma með það að markmiði að lámarka neikvæð áhrif niðurdælingar á grunnvatn.

Virðingarfyllst,

*Lovisa Ásbjörnsdóttir*

Lovisa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið



B.t. Skipulagsstofnunnar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnafjörður 8. júlí 2024

## **Efni: Umsögn vegna niðurdælingar þéttvatns frá Kröflustöð**

### **Inngangur**

Landsvirkjun hefur áformað borun tveggja borhola, allt að 300 metra djúpra, fyrir áframhaldandi niðurdælingu þéttvatns frá jarðgufuvirkjuninni við Kröflu. Markmið framkvæmdarinnar er að auka niðurdælingargetu þéttvatns og um leið að draga úr umhverfisáhrifum þess á Dallæk þar sem meginhluta þéttvatns er nú veitt í. Skipulagsstofnun hefur leitað umsagna viðeigandi umsagnaraðila vegna tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

### **Dallækur**

Dallækur afmarkast af heitum lækjum sem eiga upptök sín ofan við Kröflustöð í Hveragili og gili vestan við það sem oft er kallað Fagragil. Að lágmarki ein köld lindauppspretta kemur úr uppsprettu ofan við Skarðssel. Lítið er um annað rennandi vatn á svæðinu fyrir utan þá læk sem taldir voru upp hér að framan fyrir utan vatn sem fellur í vorleysingum (Jón S. Ólafsson o.fl. 2010). Þéttvatn/affallsvatn Kröflustöðvar er losað í Dallæk. Lækurinn rennur til suðurs um ~9 km þar sem vatnið hverfur ofan í sprungu undir tjörn sem hefur myndast í Búrfellshrauni. Lífríki Dallækjar var ítarlega rannsakað árin 2015-2016 og var markmiðið að rannsaka áhrif affallsvatns frá Kröflustöð á botnlæga þörungum, blágrænbakteríum og hryggleysingja í Dallæk (Sigurður Óskar Helgason, 2017). Niðurstöður vöktunarinnar gáfu til kynna að affallsvatn frá jarðgufu frá virkjuninni hafi marktæk áhrif á bæði samfélög botnalægra frumfraleiðanda og hryggleysingja.

Fyrir neðan affall Kröflustöðvar voru umhverfisþættir afar hentugir fyrir blágrænbakteríur sem eru hitasæknar lífverur sem að færar eru um að binda nitur úr andrúmsloftinu. Slík þörungasamfélög eru vel þekkt fyrir að mynda þykkar breiður sem að mögulega geta hindrað útbreiðslu annarra þörunga og dregið úr þéttleika hryggleysingja. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að áhrifin frá affallsvatninu fóru minnkandi eftir því sem neðar dróg í Dallæk, líklegast vegna þynningaráhrifa, þar sem bæði fjölbreytni og fjöldi ættkvísla þörunga og hryggleysingja jókst og líktist lífríkinu í hliðarlækjum Dallæks, sem voru utan áhrifasvæðið affallsvatnsins. Enginn fiskur fannst í Dallæk, hliðarlækjum eða í tjörninni sem hefur myndast í Búrfellshrauni.

## Umsögn

Í ljósi þeirra gagna sem Hafrannsóknastofnun hefur í höndum má áætla að frekari niðurdæling á þéttivökva Kröflustöðvar dragi úr þeim neikvæðu áhrifum sem affallsvatn frá Kröflustöð hefur nú á lífríki Dallækjar. Það á einkum við næst útfalli affallsvatnsins/þéttivatnsins í læknum. Það verður því að teljast líklegt að frekari niðurdæling verði lífríkinu til góðs. Verði að framkvæmdum hvetur Hafrannsóknarstofnun til þess að vöktun verði stunduð til að meta áhrif niðurdælingarinnar og fylgjast með breytingum sem aukin niðurdæling kann að hafa á vistkerfi Dallækjar og tjarnarinnar í Búrfellshrauni sem Dallækur fellur í. Einnig er mikilvægt að tryggja að niðurdælingin nái ekki til grunnvatns sem getur borist með grunnvatnsstraumum í Mývatn og annað nærliggjandi umhverfi. Ferilefnaprófanir hafa verið gerðar og frumniðurstöður þeirra sýna að engin efni hafa borist í grunnvatnsstrauma suður af virkjuninni samhliða niðurdælingu þéttivatns.

Hafa skal í huga að Hafrannsóknastofnun er rannsókn- og ráðgjafastofnun en hefur ekki með leyfismál að gera.

Hafrannsóknastofnun vill benda á tvær skýrslur sem fjalla um líffræðina á Kröflusvæðinu. Fyrri skýrslan var unnin í samstarfi Hafrannsóknastofnunnar (áður Veiðimálastofnun), Landsvirkjunar og Háskóla Íslands. Þar er ítarlega gert grein fyrir lífríkinu í Dallæk og áhrifum þéttvatns Kröflustöðvar á lífríkið (Sigurður Óskar Helgason, 2017). Seinni skýrslan var unnin af


Veiðimálastofnun árin 2002-2003 og fjallaði hún um lífríki á jarðhitasvæðum, þar með talið lífríkið í Dallæk og á Kröflusvæðinu (Jón S. Ólafsson o.fl. 2010).

### Heimildir

Sigurður Óskar Helgason. (2017). Effects from geothermal effluent on periphyton and invertebrate assemblages in NE-Iceland. Msc. ritgerð við Háskóla Íslands 2017. 110 bls. LV-2017-060.

Jón S. Ólafsson, Gróa Valgerður Ingimundardóttir, Iris Hansen og Sesselja Guðrún Sigurðardóttir (2010). Smádýralíf í afrennslisvatni frá háhitasvæðunum við Kröflu, Ölkelduháls og í Miðdal í Henglinum. Veiðimálastofnun. VMST/10019.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

A rectangular box containing a handwritten signature in blue ink that reads "Sigurður Óskar".

## Ferill fundarbókana er varða erindið:

**Málsnúmer:** 2406028

**Málsheiti:** Niðurdælingaholur fyrir förgun þéttvatns í Kröflu - umsagnarbeiðni

**Málsaðili:** Skipulagsstofnun

**Skráð af:** Anna Bragadóttir

**Ábyrgðaraðili:** Anna Bragadóttir

**Fundur:** Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar - 46 (27.6.2024) - Niðurdælingaholur fyrir förgun þéttvatns í Kröflu - umsagnarbeiðni

**Dags:** 03.07.2024

**Inngangur:** Erindi dagsett 13. júní 2024 þar sem Skipulagsstofnun óskar umsagnar Þingeyjarsveitar vegna máls nr. 0772/2024 í skipulagsgátt. Um er að ræða áform um borun tveggja, allt að 300 m djúpra borhola fyrir áframhaldandi niðurdælingu þéttvatns frá Kröflustöð. Markmið framkvæmdarinnar er að auka heildarniðurdælingargetu þéttvatns og um leið draga úr umhverfisáhrifum á Dallæk þar sem meginhlua þéttvatns er fargað í dag.

**Niðurst.:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.

**Fundur:** Skipulagsnefnd - 26 (19.6.2024) - Niðurdælingaholur fyrir förgun þéttvatns í Kröflu - umsagnarbeiðni

**Dags:** 24.06.2024

**Inngangur:** Erindi dagsett 13. júní 2024 þar sem Skipulagsstofnun óskar umsagnar Þingeyjarsveitar vegna máls nr. 0772/2024 í skipulagsgátt. Um er að ræða áform um borun tveggja, allt að 300 m djúpra borhola fyrir áframhaldandi niðurdælingu þéttvatns frá Kröflustöð. Markmið framkvæmdarinnar er að auka heildarniðurdælingargetu þéttvatns og um leið draga úr umhverfisáhrifum á Dallæk þar sem meginhlua þéttvatns er fargað í dag.

**Niðurst.:** Skipulagsnefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Skipulagsnefnd telur, með vísan í fyrri ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 28. maí 2020 varðandi niðurdælingaholu vegna förgunar þéttvatns frá Kröflustöð, að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld og þarfnast deiliskipulagsbreytingar. Málinu vísað til sveitarstjórnar.



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. júlí 2024  
UST202406-179/S.A.J.  
10.05.00

## **Efni: Ósk um umsögn - Niðurdælingarholur fyrir förgun þéttvatns frá Kröflustöð**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Framkvæmdarlýsing**

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að framan af var þéttivatn frá Kröflustöð losað á yfirborði í Dallæk, þar sem það þynntist með afrennsli frá Kröflusvæði og hvarf síðan ofan í sprungu undir tjörn sem hefur myndast í Búrfellshrauni um 9 km sunnan við Kröflu. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) hefur lagt á það áherslu síðustu ár að Landsvirkjun dragi úr losun þéttvatns í Dallæk.

Í upphafi árs 2022 var lokið við borun á grunnri borholu (KN-01) sunnan við kæliturn virkjunarinnar, með það að markmiði að farga hluta þéttvatns frá kæliturninum. Viðtaka holunnar er breytileg vegna útfellinga brennisteins í þéttivatninu, en hreinsun hefur farið fram reglulega með skiljuvatni frá holu KJ-21 og gefið góða raun. Í júlí 2023 voru lagnir frá kæliturninum grafnar í jörðu og þær hafðar nægjanlega sverar til þess að bera allt þéttivatn frá kæliturninum. Einnig var KN-01 tengd við safnæðarlögn frá KJ-21 með varanlegri lögn, til að hreinsa reglulega.

Til að kanna hvort áhrifa niðurdælingar myndi gæta á grunnvatn nærri virkjuninni og nærri Mývatni var ráðist í ferilefnapróf eftir að niðurdæling þéttvatns hófst í KN-01. Ferilefnaprófið hófst 21. júní 2022, um 4 mánuðum eftir að niðurdæling þéttvatns hófst. Ferilefnaprófið var eitt af þeim skilyrðum sem sett voru vegna niðurdælingarinnar á svæðinu. Frumniðurstöður ferilefnaprófsins eru á þá leið að engin svörun hefur verið sýnileg í holum nærri Mývatni og sjáanleg áhrif niðurdælingar í KN-01 hafa ekki sést í grunnvatnsstrauminum suður af virkjuninni. Þessar frumniðurstöður styðja við áætlanir Landsvirkjunar um að bora fleiri þéttivatnsholur og lágmarka þannig enn frekar áhrifin á Dallækinn. Ráðgert er að fylgjast áfram með niðurdælingar þéttvatns á svæðinu á árinu 2024.

Áætlanir gera ráð fyrir að halda áfram að draga úr losun í Dallæk og bora tvær nýjar holur til frekari niðurdælingar á þéttivatni. Áætlað er að nýjar holur verði staðsettar við hliðina á KN-01 frá núverandi borteig, en hann verði stækkaður fyrir framkvæmdina, innan deiliskipulags núverandi niðurdælingarsvæðis. Áætlað er að önnur holan verði allt að 250 m bein hola, en hin verði skáboruð frá yfirborði og geti hún orðið allt að 300 m á dýpt. Tillögur að holustaðsetningum og hönnun gerir ráð fyrir lágmarksraski á svæðinu.

Markmið borunarinnar eru að auka heildarniðurdælingargetu þéttvatns við bestu aðstæður í allt að 90 l/s, þ.e. að koma öllu þéttivatni til niðurdælingar. Áhrif útfellinga og reglulegar

hreinsanir munu hinsvegar draga úr getu niðurdælingar, svo gera má ráð fyrir að 0-30 l/s verði losaðir í Dallæk á hverjum tíma.

### **Vatnamál**

Umhverfisstofnun vekur athygli á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, en markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heilstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímaverndar vatnsauðlindarinnar. Í 28. gr laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar kemur fram að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Jafnframt segir að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun

Samkvæmt lýsingu framkvæmdaraðila er tilgangur framkvæmdarinnar að bora tvær holur til niðurdælingar á þéttivatni og um leið draga úr umhverfisáhrifum á Dallæk þar sem meginhluta af þéttivatni er fargað í dag.

Grunnvatnshlotið Krafla-Bjarnarflag (102-278-1-G) er á framkvæmdarsvæðinu og hefur umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Jafnframt er straumvatnshlotið Dallækur (102-1725-R) á svæðinu sem hefur umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt ástand og gott vistfræðilegt ástand. Fram kemur í vatnaáætlun 2022-2027 að óvissa ríki um hvort bæði þessi vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand vegna mögulegs efnaálags. Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega.

Í greinargerð er ekki fjallað um vatnshlot eða umhverfismarkmið þeirra út frá stjórn vatnamála og Umhverfisstofnun telur að svo þurfi að vera ásamt því að meta áhrif framkvæmda á vatnshlotin.

### **Niðurstaða**

Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um vatnamál ekki fullnægjandi í tilkynningaskýrslunni og þarf þar að bæta verulega úr. Þrátt fyrir það telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

Ríkey Kjartansdóttir

**sérfræðingur**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.  
Austursvæði

Sent í Skipulagsgátt

Húsavík 02-

07 2024

Efni: Borun á niðurdælingarholum fyrir förgun þéttvatns við Kröflustöð.

HNE hefur fylgst með þessu máli frá upphafi, hefur verið upplýst um niðurstöður ferilefnaprófana, vonast er til að losun þéttvatns í Dallæk minki til muna. HNE gerir ekki athugasemdir á þessu stigi málsins.

Jóhannes H Hauksson  
Heilbrigðisfulltrúi  
Austursvæði.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun

Akureyri, 28. júní 2024  
MÍ202406-0077/ 6.07 / S.G.

## Fyrirspurn vegna ákvörðunar um matsskyldu vegna áframhaldandi förgunar þéttivatns frá Kröflustöð

Erindi barst gegnum skipulagsgátt þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir afstöðu Minjastofnunar Íslands vegna ákvörðunar um matsskyldu vegna áframhaldandi förgunar þéttivatns frá Kröflustöð.

Framkvæmdin felst í að bora tvær borholur, önnur bein en hin skáhola. Forsendur holuhönnunar og framkvæmda er að rask á yfirborði verði innan iðnaðar- og orkuvinnslusvæðisins sem þegar hefur verið raskað við byggingu Kröflustöðvar. Fjarlægð frá hverfisvernduðu svæði er til að tryggja að áhrif á landslagsheild verði óveruleg. Fyrirhugað er að nýta núverandi borteig á svæðinu en einungis er þörf á að stækka hann um 10 m til suðurs og 10 m til austurs en borteigurinn er staðsettur á sléttu og grasvöxnu svæði sunnan við kæliturn.

Fjallað er um fornleifar á bls. 12 og þess getið að engar skráðar minjar séu á framkvæmdasvæðinu.

Til eru tvær gamlar fornleifaskráning fyrir svæðið, annarsvegar Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. 2000. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda* Fornleifastofnun Íslands FS118-96014 og hinsvegar Inga Sóley Kristjónudóttir. 2008. *Krafla - Námafjall. Fornleifaskráning Fornleifavernd ríkisins*. Engar minjar eru skráðar nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem er að auki allt raskað. Minjastofnun telur ekki þörf á frekari skráningu vegna þessa verkefnis.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreinda framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra